



KISTAN 2023

Vinnustofa 2. febrúar 2023



Efnisyfirlit

Undirbúningur og framkvæmd	1
Fundargerð	2
Mat þátttakenda á vinnustofunni	4
Eftirfylgni.....	6
Viðauki. Upplýsingar sem þátttakendur fengu sendar fyrir vinnustofuna	7
Tími og staðsetning	7
Skipuleggjendur.....	7
Stjórnun	7
Þátttakendur	7
Tilgangur vinnustofunnar	7
Markmið vinnustofunnar.....	7
Framkvæmd	7
Endurmat.....	7
Gögn.....	8
Dagskrá	8
Sviðsmynd I. Veikindi í hrossum	9
Sviðsmynd II. Veikindi í alifuglum.....	10
Sviðsmynd III. Veikindi í svínunum	11
Sviðsmynd IV. Veikindi í sauðfé.....	12
Sviðsmynd V. Veikindi í nautgripum.....	13
Sviðsmynd VI. Veikindi í hundum.....	14
Sviðsmynd VII. Súna	15
Eyðublað fyrir endurmat þátttakenda	16

Inngangur

Tilgangur vinnustofunnar var að þátttakendur færu yfir og ræddu hvað þau þurfi af búnaði fyrir sóttvarnir, sýnatökur og sendingu sýna þegar upp kemur grunur um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm.

Að undirbúningi og skipulagningu vinnustofunnar komu meðlimir VÁ-teymis MAST: Auður Lilja Arnþórsdóttir, Kristín Silja Guðlaugsdóttir, Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, Thelma Dögg Róbertsdóttir og Þórður Pálsson. Kristín Silja tók ekki þátt í vinnustofunni sjálfri þar sem hún var þá ekki lengur meðlimur VÁ teymis.

Boð var sent til þátttakenda 21. desember þar sem sagt var frá tilgangi og markmiði æfingarinnar og áminning var send til þátttakenda 31. janúar. Þátttakendur fengu fyrir æfinguna senda dagskrá og þær sviðsmyndir sem lagðar voru til grundvallar umræðum, sjá [viðauka I](#).

Vinnustofan var haldin á Teams, 2. febrúar 2023, kl. 09:30 – 12:30.

Þátttakendur voru héraðsdýralæknar allra umdæma, sérgreinadýralæknar og eftirlitsdýralæknar úr tveimur héruðum. Alls tóku 10 manns þátt.

Auður Lilja sá um kynningu og stjórnun vinnustofunnar. Þórður ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Inngangur.

Stjórnandi bauð fólk velkomid, kynnti tilgang vinnustofunnar og framkvæmd. Upplýsingar höfðu verið sendar til þátttakenda með fundarboði og endurmatseyðublöð þegar minnt var á fundinn.

2. Umræður um gefnar sviðsmyndir.

- a. **Sviðsmynd um veikindi í hrossum** kynnt (sjá viðauka) og verkefnið að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið, með eftirfarandi atriði í huga:
- Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og þökkun sýna?
 - Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
 - Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við þökkunina?
 - Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
 - Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Punktur úr umræðum:

- Fyrir sýnatöku þarf venjulega bakteríu- og veirustrokpinna (og hugsanlega lengri pinna).
- Enginn búnaður til á umdæmisskrifstofum til að flytja hross til krufningar.
- Spurning um að fá dýralækni frá Keldum á staðinn.
- Ef flytja þarf hræ hvort sem er til förgunar í brennslustöð á Suðurnesjum væri hægt að fara með það fyrst að Keldum í krufningu.
- Ekki er mögulegt að framkvæma PCR rannsókn m.t.t. kverkeiðlabólgu hér á landi og greiningartími því langur.
- PCR rannsókn m.t.t. influensu er framkvæmd á Keldum.
- Rætt um hvaða sýni þurfi að taka.
- Rætt um sóttvarnaráðstafanir. Ef um kverkeiðlabólgu er að ræða er ekki mikil hættu á útbreiðslu smits með hræjum. Útvega þyrfti lekaheldan gám og koma hræjum í hann. Tæki sem notuð væru við að flytja hræin mætti ekki nota í annað fyrr en eftir sótthreinsun.
- Í stað þess að flytja hræ til krufningar væri hægt að taka sýni á staðnum og koma þeim til Keldna.
- Strokpinnar og flutningsæti geta verið úrunnin. Rætt um að í sumum tilfellum mætti leita til gæludýraspítala ef strokpinna vantar, eða til heilsugæslustöðva og spítala. Ekki er hægt að ganga að því vísu að Keldur eigi óútrunna strokpinna og flutningsæti.

- Gæta þarf þess að til séu plastpokar af ýmsum stærðum fyrir sýni, óhreina galla og annan búnað. Sömuleiðis sérstakir pokar fyrir sóttmengaðan úrgang (gulir, sérmerktir).
- Hafa þarf í huga að stundum er erfitt að setja upp „hrein“ og „óhrein“ svæði t.d. vegna veðurs. Í þessu sambandi væri gott að leita til slökkviliða sem mörg eiga tjöld og ýmsan annan búnað sem gæti komið að gagni.
- Aðstöðu og búnað til að þrifa bíla og búnað sárvantar í umdæmin.
- Rætt um að ákveða þurfi hvað er nóg að sé til staðar í umdæmunum, þ.e.a.s. lágmarksbúnaður.

b. Sviðsmynd um veikindi í alifuglum kynnt (sjá viðauka) og verkefnið að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið, með sömu atriði og áður í huga.

Punktur úr umræðum:

- Mismunandi eftir umdæmum hversu auðvelt er að koma sýnum til Keldna. Suðaustur og suðvestur ættu auðvelt með að pakka sýnum og myndu koma þeim sjálf til Keldna. Í öðrum umdæmum er sending sýna flóknari viðfangs.
- Rætt um hvort nóg sé til af göllum, grímum og öðrum hlífðarbúnaði.
- Í sumum umdæmum er skortur á starfsfólki til að sinna sýnatökum.
- Sýnatökubúnaður getur verið útrunninn. Fram kom í umræðunni að stundum sé í lagi að nota útrunninn sýnatökubúnað en ætti ekki að gera nema ef alls ekki er hægt að fá óútrunninn búnað.
- Vantar góðan búnað til þökkunar sýna. Nú er oft verið að notast við kassa utan af ýmis konar varningi sem getur valdið misskilningi hjá flutningsaðilum. Finna þarf umhverfisvæna kassa sem geta komið í stað kassa úr frauðplasti.
- Bent var á að Keldur hafi gefið út leiðbeiningar um frágang á sýnum.
- Skortur á aðstöðu í umdæmunum til þökkunar sýna.
- Ekki góð aðstaða til geymslu á sýnum fyrir sendingu.
- Vantar aðstöðu og búnað til þrifa og sótthreinsunar á bílum og búnaði.
- Gæta þarf þess að grímur og annar hlífðarbúnaður verji gegn því smitefni sem um ræðir þegar um súnu er að ræða.

c. Sviðsmynd um veikindi í svínum kynnt (sjá viðauka) og verkefnið að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið, með sömu atriði og áður í huga.

Punktur úr umræðum:

- Farið var yfir hvaða búnaður er nauðsynlegur til að taka sýni vegna gin- og klaufaveiki.
- Rætt var um hvort nauðsynlegur búnaður sé til í hverju umdæmi. Í ljós kom að óvíst er hvort allt sem til þarf sé til og öll umdæmin þurfa því að fara yfir búnaðinn.

- Rætt var um að gin- og klaufaveiki kallar á hæsta stig sóttvarna þannig að ef sá búnaður sem á þarf að halda fyrir sóttvarnir fyrir þann sjúkdóm ætti hann að duga fyrir flesta aðra.

d. Annað

Ekki vannst tími til að fara yfir fleiri sviðsmyndir. En rætt var um að margt er ólíkt ef um er að ræða smitsjúkdóm í gæludýrum. Að mörgu leyti erfiðara að hindra útbreiðslu. Dýrin þurfa að fara út og ekki búa allir í einbýli með garði. Eigendur geta tekið því misjafnlega að þurfa að hlíta ferðatakmarkunum. Einnig var rætt um að athuga þarf með samstarf við lyfjafyrirtæki um útvegum á bóluefnum við tilteknum sjúkdómum ef þeir koma upp, t.d. gegn inflúensu í hundum.

3. Umræður um hvernig best sé að skipuleggja viðhald á búnaði og innkaup.

Punktur úr umræðum:

- Sum telja að innkaup og birgðahald ætti að vera miðlægt, önnur að umdæmin ættu að sjá um þetta sjálf.
- Þarf ekki mikið magn á hvern stað.
- Rekstrarsvið haldi utan um birgðir og hafi yfirlit yfir hvenær búnaður sé útrunninn.
- Athuga notkun á sérstökum hugbúnaði fyrir slíkt birgðahald.
- Gera samning við sjúkrahúsin um að hafa aðgang að sýnatökubúnaði.
- Velja þarf notendavæn sýnatökuglös.
- Ákveða þarf hver ber ábyrgð á innkaupunum.
- Muna þarf að í sumum tilvikum er um súnur að ræða og þá þarf fólk að hugsa fyrst um eigið öryggi. Ættum að hafa samstarf við sóttvarnalækni um hvaða búnaður er nauðsynlegur í því sambandi.

4. Samantekt

Lítill tími var orðinn eftir fyrir samantekt en ritari orðaði hana svona:

Vinnustofa þessi sýnir okkur að við erum óviss um hvað sé til af búnaði í umdæmunum og hvort hann sé í lagi. Einnig sýnir vinnustofan okkur það að við þurfum að ákveða hvað þurfi að vera til og í hvaða magni.

Mat þáttakenda á vinnustofunni

1. Þátttakendur voru spurðir hvort þeim hafi fundist tilgangur og markmið vinnustofunnar vera skýr. Flestum fannst tilgangur og markmið skýr en einn nefndi að það væri dálítið óljóst hvort tilgangurinn væri að kanna stöðuna eingöngu eða hvort það mætti ekki nota æfinguna líka til að taka ákvarðanir. Einn nefndi líka að hann/hún væri ekki alveg viss um hver nálgunin yrði og hvaða afurð kæmi út úr vinnustofunni en að það hafi skýrst á vinnustofunni sjálfri

2. Þátttakendur voru spurðir hvort þeim hafi fundist viðfangsefni vinnustofunnar vera raunhæf, allir svöruðu því játandi
3. Þátttakendur voru spurðir hvort tímalengd vinnustofunnar væri hæfileg. Flestir svöruðu því játandi en þeir sem svöruðu neitandi nefndu að tíminn hefði verið of stuttur því það væri margir „málgláðir einstaklingar“ sem tækju þátt og efniviðurinn of mikill miðað við þörf þátttakenda til að tjá sig. Einnig var nefnt að við hefðum verið með of mörg dæmi á of stuttum tíma og því ekki náð að ræða þau öll.
4. Þátttakendur voru spurðir hvort þeim finnst gagn af vinnustofum eins og þessari. Flestir svöruðu já en einn nefndi að það hefði verið óþarfi að vera með allar sviðsmyndirnar. Einnig var nefnt að það væri gagn af vinnustofunni en að þetta gengi alltof hægt með þessu móti. Hefði verið heppilegra að tillaga að viðbúnaðarkistu og hvernig henni yrði viðhaldið yrði lögð fyrir svona fund. Það myndi stytta leiðina að ákvörðun og þá væri kistan kannski tilbúin nú þegar.
5. Þátttakendur voru beðnir um að gefa vinnustofunni einkunn á skalanum 0-10. Meðaltal fyrir vinnustofuna var 7,3. Þátttakendur nefndu að við hefðum öll áttað okkur á því að við erum í raun ekki með nógu góða yfirsýn yfir þessi mál. Það sannaðist enn og aftur að það vanti einn aðila sem er yfir sýnatökum og rannsóknum, með heildaryfirsýnina og ábyrgðina bæði á framkvæmd og utanumhaldi í rannsóknum í heild sinni, s.s. framkvæmd, búnaði og fjárhag. Nefnt var einnig að það hafi kannski verið dvalið óþarflega lengi við smáatriði í fyrstu sviðsmynd og það hefði verið gaman að komast yfir fleiri sviðsmyndir.
6. Þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu vilja hafa verklegar æfingar reglulega í hverju umdæmi fyrir sig fyrir afmarkaða þætti í viðbrögðum við smitsjúkdómum og hvað þeir myndu vilja æfa. Nefnt var að það þyrftu ekki endilega að vera verklegar æfingar, hægt væri að byrja á skrifborðsæfingum en að verklegar hlutaæfingar gætu líka verið góðar. Nefnt var einnig að það væri jafnvel gagnlegra að fara yfir tiltekin atriði á Teams fundum, jafnvel útbúa myndbönd, og leggja áherslu á að bæta aðstöðu í umdæmunum. Það sem fólk vildi æfa verklega var blóðsýnataka úr kjúklingum og svínunum þar sem að það er það sem almennir dýralæknar og eftirlitsdýralæknar hafi minnstu þjálfun í. Fólk vildi líka æfa sýnatökur almennt, frágang sýna, pökkun og sendingu sýna. Nefnt var að það sé klárlega þörf á verklegum æfingum og að æfingin skapi meistarann, það sé alveg ótrúlegt hvað fer úrskaiðis þegar raunverulegt atvik gerist og maður verði að leysa málin og að erfitt sé að uppgötva þessi atriði á fundum/bóklegum æfingum. Nefnt var að það væri nauðsynlegt að hafa árlegar verklegar sóttvarnaræfingar þar sem að starfsmenn æfa sig að fara í PPE og fleira. Það sé líka nauðsynlegt að fólk kunni að gera þetta til að æfa vöðvaminni. Nefnt var einnig að ef að á reyni þá sé líklega ekki erfitt að koma sýnunum á Keldur, í versta falli myndi okkar fólk keyra þau á staðinn. Nefnt var einnig að æfingar í töku sýna væru ekki nauðsynlegar að svo stöddu en að það skipti meira máli að skipuleggja að búnaður sé til, haldið utan um birgðahald, skipuleggja pantanir og svo framvegis.
7. Þátttakendur voru spurðir hvað þeir myndu vilja að tekið væri fyrir á næstu vinnustofu eða æfingu. Nefnt var:
 - Smitvarnir í feltinu - verkleg æfing fara á bóndabæ (eða bústað sem þykjustu bóndabæ) og æfa þar

- Pökkun sýna fyrir sendingu – verkleg æfing
 - Aflífun og förgun lítilla hópa bakgarðshænsna. Aflífunaraðferðir, hver framkvæmir. Förgun hræja.
 - Viðbrögð við sjúkdómum í fiskeldi og hlutverk héraðsdýralækna
 - Hundaæði, matarsýking, berklar
 - Skrifborðsæfing á alvarlegum smitsjúkdómi gæludýrs t.d. hundainflúensu, hundafári eða hundaæði
8. Annað sem kom fram voru þakkir til þeirra sem standa að undirbúningi og halda uppi fagmennsku á þessu sviði. Fólki fannst gott að láta minna sig á að fara yfir viðbragðsbúnaðinn sinn reglulega svo við værum tilbúin þegar alvarlegir smitandi sjúkdómar koma upp. Fólk nefndi einnig að viðbragðsvinna og þjálfun vegna smitsjúkdóma væri mikilvæg til þess að koma í veg fyrir að þeir dreifist og nái fótfestu hér á landi. Það þurfi einnig að vera skilningur innan stofnunarinnar á því hvað málefnið sé mikilvægt svo við séum í stakk búin að takast á við smitsjúkdóma. Aðstæður, aðbúnaður og mannskapur þarf að vera til staðar svo hægt sé að vinna eins og ætlast er til.

Eftirfylgni

VÁ-teymið mun:

- Óska eftir að svið UT og reksturs sjái um að annast miðlæg innkaup, birgðahald og birgðaskráningu á viðbragðsbúnaði (og öðrum vörum) umdæmanna.
- Óska eftir að aðstöðu til þrifa og sóttþreinsunar og geymslu á viðbragðsbúnaði verði komið upp hjá umdæmunum.
- Kalla eftir tillögum frá starfsfólki umdæma og sérgreinadýralæknum um breytingar og viðbætur á lista yfir búnað.
- Athuga möguleika á samvinnu við sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir, dýralæknastofur, Keldur o.fl. varðandi sérhæfðan sýnatöku- og sóttvarnbúnað.
- Halda verklegar æfingar um
 - Frágang sýna og sendingu. – Í hverju umdæmi.
 - Sóttvarnir við ferðir á staði þar sem grunur er um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm. – Árlega í hverju í umdæmi og helst á ákveðnum degi.
- Útbúa leiðbeiningarmyndbönd um sóttvarnir, m.a. við ferðir á bú og frágang og sendingu sýna.
- Skipuleggja æfingar eða vinnustofur með hliðsjón af tillögum þátttakenda.

Viðauki. Upplýsingar sem þátttakendur fengu sendar fyrir vinnustofuna

Tími og staðsetning

Fimmtudagur 2. febrúar, kl. 9:30-12:30

Teams fjarfundur

Skipuleggjendur

VÁ-teymi MAST

Stjórnun

Stjórnandi: Auður Lilja Arnbórsdóttir

Ritari: Þórður Pálsson



Þátttakendur

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar, sérgreinadýralæknar og yfirdýralæknir

Tilgangur vinnustofunnar

Tilgangur vinnustofunnar er að þátttakendur fari yfir og ræði hvað þau þurfi af búnaði fyrir sóttvarnir, sýnatökur og sendingu sýna þegar upp kemur grunur um alvarlegan smitandi dýrasjúkdóm.

Markmið vinnustofunnar

Í lok vinnustofunnar hafa þátttakendur yfirsýn yfir hvaða búnaður þarf að vera til staðar í umdæminu.

Í lok vinnustofunnar hefur VÁ-teymið efnivið til að vinna að úrbótum á stuðningsskjali um búnað.

Framkvæmd

Um er að ræða vinnustofu sem fer fram á Teams.

Vinnustofan byggist á umræðum um viðbrögð MAST við atvikum sem tengjast alvarlegum smitandi dýrasjúkdómum út frá gefnum sviðsmyndum.

Þátttakendur fá fyrir fram lýsingu á viðfangsefnum og lista yfir umræðupunkta.

Endurmat

Þátttakendur fá eyðublöð til útfyllingar eftir vinnustofuna þar sem óskað er eftir upplýsingum sem geta hjálpað til við að leggja mat á hvort markmið vinnustofunnar hafi náðst. Þátttakendum gefst einnig tækifæri til að skrifa sínar

hugleiðingar og tillögur á eyðublöðin, sem þau vilja leggja áherslu á eða finnst þau ekki hafa komið nægjanlega vel á framfæri á vinnustofunni eða farið að hugleiða eftir á.

Gögn

Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma og stuðnings skjöl: <https://www.mast.is/is/dyraeigendur/dyr-i-neyd/vidbrogd-vid-dyrasjukdomum#>

Listi yfir búnað fyrir sóttvarnir og sýnatökur: <https://www.mast.is/static/files/aaetlanir/vidbragdsaaetlun-dyrasjukdomar/bunadur-fyrir-sottvarnir-og-synatokur-utg-jan-2023-.pdf>

Dagskrá

09:30 – 09:45 Inngangur og kynning á framkvæmd (stjórnandi vinnustofu)

09:45 – 10:30 Umræður um gefnar sviðsmyndir

10:30 – 10:45 Hlé

10:45 – 11:30 Áframhald á umræðum um gefnar sviðsmyndir

11:30 – 11:45 Hlé

11:45 – 12:15 Umræður um hvernig best sé að skipuleggja viðhald á búnaði og innkaup

12:15 – 12:25 Umræður á umræðum og tillögur að úrbótum (ritari)

12:25 – 12:30 Lokaorð (stjórnandi vinnustofu)





Sviðsmynd I. Veikindi í hrossum

Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralækna í hesthús þar sem hross eru með einkenni sem geta bent til að um alvarlegan smitandi sjúkdóm sé að ræða.

Bakgrunnur:

Dýralæknir í Eyjafirði hafði samband við sérgreinadýralækni hrossa og lýsti fyrir henni einkennum í hrossum sem hann hafði verið kallaður til:

Fyrir fimm dögum varð eitt af tíu hrossum í húsi veikt með háan hita, slappleika, lystarleysi, nefrennsli, þurran hósta og bólgna hálseitla. Tveimur dögum síðar urðu tvö önnur hross veik með sömu einkennum. Í nótt drapst hrossið sem varð fyrst veikt og annað af þeim sem veiktist tveimur dögum síðar. Fleiri virðast vera að veikjast.

Sérgreinadýralæknirinn er stödd í útlöndum en hún hafði samt sjálf samband við umráðamann hrossanna til að fá nánari upplýsingar og gaf honum munnleg fyrirmæli um sóttvarnir. Hún hafði líka samband við Keldur til að láta þau vita af málinu, ráðfæra sig við þau og sjá til þess að þau væru undirbúin undir að taka við sýnum. Hún hélt síðan Teams fund með VIÐ-teymi (héraðsdýralækni, sérgreinadýralækni faraldsfræði og yfirdýralækni). Á fundi teymisins var m.a. ákveðið að eftirlitsdýralæknar fari á staðinn til að taka sýni, pakki sýnunum og komi þeim til Keldna. Jafnframt þurfa þau að gera ráðstafanir til að koma öðru dauða hrossinu í krufningu á Keldum. Eftirlitsdýralæknarnir þurfa líka að gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra að smit berist út af búinu og hafa eftirlit með að fyrirmælum um sóttvarnir sé framfylgt, m.a. þarf að taka ákvörðun um hvað skuli gert með hræið af hinu dauða hrossinu.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralækna á búið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd II. Veikindi í alifuglum

Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralækna á alifuglabú þar sem fuglarnir eru með einkenni sem geta bent til að um fuglaflensu sé að ræða.



Bakgrunnur:


Sérgreinadýralæknir alifugla fær símtal frá eggjabónda á eggjabúi með fimm varphúsum. Hann tók eftir því um morguninn að í einu húsi voru nokkrar dauðar hænur, og það heyrðist að margar hænur voru með öndunarerfiðleika. Sérgreinadýralæknir er búinn að gefa munnleg fyrirmæli um smitvarnir á búinu og kallar VIÐ-teymi saman. Á fundi VIÐ-teymis er ákveðið að eftirlitsdýralæknir fari á staðinn og taki sýni og loki fyrir umferð á búið. Sérgreinadýralæknir hafði samband við Keldur til að ráðfæra sig um hvernig sýni er best að taka og sammælast um smitvarnir við flutning á sýnunum.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd III. Veikindi í svínunum



Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á svínabú þar sem svínin eru með einkenni sem geta bent til að um gin- og klaufaveiki sé að ræða.

Bakgrunnur:

Sérgreinadýralæknir svína fær símtal frá svínabónda á eldissvínabúi. Hann tók eftir því um morguninn að sum svínanna voru með sár í kringum klaufirnar, nokkur voru hölt og einnig sást hrúður á trýninu á sumum. Sérgreinadýralæknir er búinn að gefa munnleg fyrirmæli um smitvarnir á búinu og kallar VIÐ-teymi saman. Á fundi VIÐ-teymis er ákveðið að eftirlitsdýralæknir fari á staðinn og taki sýni og loki fyrir umferð á búið. Sérgreinadýralæknir hafði samband við Keldur til að ráðfæra sig um hvernig sýni er best að taka og sammælast um smitvarnir við flutning á sýnunum.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatöku og þökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við þökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd IV. Veikindi í sauðfé

Þið eruð samankomin til þess að undirbúa ferð eftirlitsdýralækni á sauðfjárbú þar sem féð er með einkenni sem geta bent til að um alvarlegan smitandi sjúkdóm sé að ræða.



Bakgrunnur:

Þegar niðurstöður úr skimunarsýnum ársins berast sérgreinadýralækni kemur í ljós að frá einum bæ eru tvö jákvæð sýni fyrir mæði-visnu. Sérgreinadýralæknir nautgripa og sauðfjár hefur samband við bóndann og spyr um heilsufar og afföll í hjörðinni síðastliðið ár. Þá kemur fram að nokkrar ær þriggja vetra og eldri eru ekki að þrífast eðlilega án þess að bóndinn hafi skýringar þar á og mun fleiri lömb drápu á fyrstu lífviku á sauðburði án þess að bónda væri ljós ástæðan fyrir því. Sérgreinadýralæknir kallar saman VIÐ-teymið og tekin er ákvörðun um að setja flutningsbann á bæinn og einangra hann. Jafnframt er eftirlitsdýralæknir sendur á bæinn til þess að taka niður faraldsfræðiuplýsingar, meta heilbrigðisástand hjarðarinnar og taka fleiri sýni til rannsókna.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralækni á búið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd V. Veikindi í nautgripum

Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis í fjós þar sem kýr eru með einkenni sem geta bent til að um alvarlegan smitandi sjúkdóm sé að ræða.



Bakgrunnur:

Sjálfstætt starfandi dýralæknir hafði samband við sérgreinadýralækni nautgripa og sauðfjár vegna þess að hann hafði verið kallaður til á bæ þar sem fleiri en einn gripur í fjósi hafði misst fóstur á undanförunum vikum. Gilti það bæði um kvígur og fullorðnar kýr. Gripirnir sýndu fá önnur sjúkdómseinkenni. Dýralæknirinn hafði náð smáræði af ferskum hildum og sent á Keldur en var ekki búinn að fá svar. Heyið á bænum virtist í lagi og hafði komið vel út úr heysýnarannsóknum. Brynningartrog og skálar voru hreinar og kýrnar fengu eingöngu kjarnfóður frá viðurkenndum aðila í viðbót við heyið. Kjarnfóðrið var sérblandað fyrir bóndann út frá heysýnum. Sérgreinadýralæknir hefur samband við héraðsdýralækni og leggur til að eftirlitsdýralæknir verði beðnir um að fara á staðinn til þess að taka blóðsýni til mótefnamælinga.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á bóndann þið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd VI. Veikindi í hundum

Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis til hundaræktanda þar sem hundar eru með einkenni sem geta bent til að um alvarlegan smitandi sjúkdóm sé að ræða.



Bakgrunnur:

Dýralæknir á dýraspítala í Reykjavík hafði samband við sérgreinadýralækni gæludýra og lýsti fyrir henni einkennum í hundi sem ræktandi að stórri labradorræktun hafði komið með á stofuna:

Fyrir fimm dögum var komið með veikan 3 mánaða hvolp með háan hita, slappleika, lystarleysi, útferð úr augum og nefi, hósta og uppköst. Hvolpurinn var nýkominn á heimili þegar hann veiktist þar sem nýju eigendurnir höfðu verið á ferðalagi erlendis. Nú eru fleiri hvolpar á heimili ræktanda með hita en búið var að leggja inn hvolpinn sem veiktist fyrst vegna taugaeinkenna.

Sérgreinadýralæknirinn hafði samband við ræktandann og dýraspítalann til að fá nánari upplýsingar og gaf munnleg fyrirmæli um sóttvarnir. Hún hafði líka samband við Keldur til að láta þau vita af málinu, ráðfæra sig við þau og sjá til þess að þau væru undirbúin undir að taka við sýnum. Hún hélt síðan Teams fund með VIÐ-teymi (héraðsdýralækni, sérgreinadýralækni faraldsfræði og yfirdýralækni). Á fundi teymisins var m.a. ákveðið að eftirlitsdýralæknir fari á staðinn til að taka sýni, pakki sýnunum og komi þeim til Keldna. Eftirlitsdýralæknirinn þarf líka að gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra að smit berist út af heimili ræktanda og dýraspítalanum og hafa eftirlit með að fyrirmælum um sóttvarnir sé framfylgt.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á búið þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Sviðsmynd VII. Súna



shutterstock.com · 255951553

Þið eruð saman komin til að undirbúa ferð eftirlitsdýralæknis á stað þar sem hross eru dauð og grunur er um að þau hafi drepist úr miltisbrandi.

Bakgrunnur:

Dýralæknir á Suðurnesjum hafði samband við héraðsdýralækni í Suðvestur-umdæmi og sagði honum frá því að hann hefði verið kallaður til á stað niður við sjó þar sem tíu hross eru í hagagöngu, fimm þeirra lágu dauð þegar umsjónarmaður vitjaði þeirra í morgun. Hann hafði ekki orðið var við nein sjúkdómseinkenni í gær. Dýralæknirinn sá að blóð hafði runnið úr nösnum og endaþarmi, og hefur því áhyggjur af því að um miltisbrand geti verið að ræða. Hann bað umsjónarmanninn að girða hin hrossin af á hluta af haganum fjarri dauðu hrossunum. Hann hefur annars ekkert aðhafst að öðru leyti og óskar eftir leiðbeiningum og aðstoð MAST.

Héraðsdýralæknir hefur samband við sérgreinadýralækni hrossa og þau ákveða að hafa þegar samband við Keldur og óska eftir að þau verði tilbúin til að taka við sýnum. Héraðsdýralæknir og eftirlitsdýralæknir undirbúa sig fyrir að fara að taka sýni. Sérgreinadýralæknir kallar saman VIÐ-teymi.

Verkefni:

Til að undirbúa ferð héraðs- og eftirlitsdýralæknis á staðinn þurfið þið að velta fyrir ykkur í sameiningu eftirfarandi atriðum:

1. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með fyrir sýnatökur og pökkun sýna?
2. Hvaða búnað þarf eftirlitsdýralæknir að taka með á staðinn fyrir sóttvarnir?
3. Hvar og hvernig er best að eftirlitsdýralæknir pakki sýnunum og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera við pökkunina?
4. Hvar og hvernig er best að koma sýnunum til Keldna og hvaða sóttvarnaráðstafanir þarf að gera varðandi flutninginn?
5. Er nauðsynlegur búnaður til á umdæmisskrifstofunni fyrir sýnatöku, sendingu sýna og sóttvarnir?

Eyðublað fyrir endurmat þátttakenda

1. Fannst þér tilgangur og markmið vinnustofunnar vera skýr?

Já o Nei o ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

2. Fannst þér viðfangsefni vinnustofunnar vera raunhæf?

Já o Nei o ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

3. Fannst þér tímalengd vinnustofunnar vera hæfileg?

Já o Nei o ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

4. Finnst þér gagn af vinnustofum eins og þessari?

Já o Nei o ef nei, vinsamlega útskýrðu nánar:

5. Hvaða einkunn gefur þú vinnustofunni á skalanum 0-10?

6. Myndir þú vilja hafa verklegar æfingar reglulega í hverju umdæmi fyrir afmarkaða þætti í viðbrögðum við smitsjúkdómum, t.d. sóttvarnir, sýnatökur, þökkun og sendingu sýna?

Já o Nei o

Ef já, þá hvað?

7. Hvað myndir þú vilja að væri tekið fyrir á næstu vinnustofu eða æfingu?

8. Annað sem þú vilt koma á framfæri: